

Frumvarp til laga
um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995,
með síðari breytingum (sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði).

(Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. skal Jöfnunarsjóður á árunum 2015, 2016 og 2017 greiða sveitarfélögum sérstakt framlag sem tekið skal af tekjum sjóðsins skv. a-lið 1. mgr. 8. gr. a áður en tekjunum er ráðstafað samkvæmt ákvæði 9. gr. Árlegt heildarframlag sjóðsins samkvæmt þessu skal á hverju þessara ára samsvara 2,12% af tekjum ríkissjóðs það ár af sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 155/2010, með síðari breytingum.

Til viðbótar við sérstakt framlag ársins 2015 skv. 1. mgr. skal bætast framlag Jöfnunarsjóðs sem samsvarar 1,06% af tekjum ríkissjóðs á árinu 2014 af sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 155/2010, með síðari breytingum.

Sérstök framlög skv. 1. mgr. skulu ár hvert skiptast milli sveitarfélaga í samræmi við hlutdeild þeirra í álöögðu heildarútsvari næstliðins árs. Sérstakt viðbótarframlag skv. 2. mgr. skal skiptast milli sveitarfélaga í samræmi við hlutdeild þeirra í álöögðu heildarútsvari ársins 2013.

Ráðherra setur reglugerð um fyrirkomulag greiðslna Jöfnunarsjóðs á sérstökum framlögum samkvæmt þessu ákvæði og uppgjör hvers árs að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að auknum tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna álagningar sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 155/2010 frá miðju ári 2014 og út árið 2017 verði úthlutað til sveitarfélaga í samræmi við hlutdeild þeirra í álöögðu heildarútsvari til að veða á móti þeim áhrifum sem lög nr. 40/2014 um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar hafa á útsvarstekjur sveitarfélaganna.

Samkvæmt a-lið 8. gr. a laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga er hluti tekna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga framlag úr ríkissjóði sem nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs. Auknar tekjur ríkissjóðs vegna álagningar sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 155/2010 skila því auknum tekjum í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem þessu hlutfalli nemur. Áætlað er að á fyrri hluta framangreinds tímabils, frá miðju ári 2014 og út árið 2015, nemi þær tæpum 1,1 milljarði kr.

Að óbreyttu verður auknum tekjum Jöfnunarsjóðs vegna ákvæða laga nr. 155/2010 ráðstafað til sveitarfélaganna eftir almennum reglum laga nr. 4/1995 um úthlutanir úr sjóðnum. Frumvarpið felur hins vegar í sér að frá miðju ári 2014 og út árið 2017 verði þessum auknu tekjum skipt milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við hlutdeild þeirra í álöögðu heildarútsvari og þar með í réttu hlutfalli við þau áhrif sem ákvæði laga nr. 40/2014 hafa á útsvarstekjur sveitarfélaganna.

Frumvarpið er samið í innanríkisráðuneytinu að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og er efni þess í samræmi við samþykkt stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 27. júní 2014. Þá hefur farið fram sérstakt mat á áhrifum frumvarpsins á fjárhag sveitarfélaga í samræmi við ákvæði 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Sambærilegt ákvæði var í frumvarpi innanríkisráðherra um breytingu á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, sem varð að lögum í desember 2014, en var þá fellt brott að tillögu umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis. Taldi nefndin að ákvæðið þarfnaðist nánari skoðunar í ljósi athugasemda sem henni höfðu borist og þess skamma fyrirvara sem hún hafði til meðferðar málsins. Ákvæðið hefur nú verið endurskoðað af hálfu ráðuneytisins í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga. Þessi endurskoðun hefur ekki leitt til breytinga á þeirri grunnhugsun sem ákvæðið byggir á. Sú breyting hefur hins vegar verið gerð að horft er nú til hlutdeildar sveitarfélaga í álöögðu heildarútsvari í stað hlutdeildar þeirra í heildarútsvarsstofni við skiptingu framlagsins. Ákvarðanir einstakra sveitarfélaga á álagningarhlutfalli útsvars skipta þannig

máli varðandi hlutdeild viðkomandi sveitarfélags í þessu framlagi. Þar sem úthlutun sérstaks framlags Jöfnunarsjóðs vegna tímabilsins frá miðju ári 2014 til áramótanna 2014–2015 fer nú ekki fram fyrr en á árinu 2015 er nú jafnframt kveðið sérstaklega á um úthlutun þess, sbr. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Ákvæðið var lagt fram í þessari mynd í frumvarpi innanríkisráðherra á síðastliðnu vorþingi en ekki náðist að mæla fyrir því þá. Er frumvarpið því endurflutt á þessu þingi í nánast óbreyttri mynd.